

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	7.3.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Vinnslustöðin hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700269-3299	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Unnar Hólm Ólafsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingi Sigurðsson	Staðsetning	436194,528 327119,082

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík frá kröfum í starfsleyfi fundust og ein athugasmed var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

- Útafstandandi mál frá síðustu árum (staða frávika)
 - Ryk í útblæstri
 - Útblásturshraði
 - Fráveitumál, lekavarnaþrær og olúskiljur/fituskiljur og viðhald þeirra
 - Frárennismælingar fita, COD og svifefni
 - Heildarúttekt á frárennsli skv grein 5.2 í starfsleyfi.
 - Kvittanir móttökuaðila fyrir úrgang og spilliefni.
- Yfirferð yfir aðrar kröfur í starfsleyfi
- Skoðunarferð um verksmiðjuna og samantekt

Byrjað var á eftirlitsfundi og svo farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og verksmiðjulóðina. Vinnsla á loðnu stóð yfir á meðan eftirlitið fór fram. Á fundinum voru Unnar Hólm Ólafsson, Kristján Ingi Sigurðsson frá Vinnslustöðinni og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Rætt var um ryk í útblæstri en mælingar sýna að við brennslu á svartolíu er ryk í útblæstri olíubrennara yfir kröfum í starfsleyfi. Það er frávík frá kröfum í starfsleyfi. Umhverfisstofnun hefur borist bréf frá Félagi íslenskra fiskimjölframleiðenda þar sem stungið er upp á nýrri aðferð við að takmarka ryk í útblæstri en stofnunin hefur ekki tekið afstöðu til þess enn. Í verksmiðjunni eru tveir rafskautakatlar en einungis annar þeirra er að hluta til í notkun þar sem að ekki fæst nægjanlegt rafmagn til keyrslunnar svo að verksmiðjan er að miklu leiti keyrð á (380) svartolíu. Vinnslustöðin hefur verið að uppfæra búnað sinn og í apríl nk. verður nýr spennir tekinn í notkun en kapall á milli lands og Eyja er fullnýttur og verksmiðjan fær ekki það rafmagn sem hún þarf og stjórnendur vilja nýta. Því eru olúkatlar enn í notkun.

Útblásturshraði verksmiðjunnar nær ekki tilskildum mörkum, en starfsleyfi setur lágmarkshraða útblásturs sem 20 m/s. Útblásturshraði mælist á bilinu 13,3 m/s (skorsteinn 1) niður í 6,9 m/s (skorsteinn 2). Þetta er frávík frá kröfum í starfsleyfi. Engar kvartanir vegna lykta hafa borist lengi enda meðferð hráefnis sífellt betra og búnaður skipanna einnig. TVN-gildi hráefnis mældist hæst 37.

Rekstraraðila var bent á að í grein 2.13 í starfsleyfi getur Umhverfisstofnun samþykkt lægri lofthraða, en þá þarf rekstraraðili að leita til fagaðila til að reikna út mögulegt loftdreifilíkan og rökstyðja með þeim hætti að minni lofthraði í strompi hafi ekki aukin umhverfisáhrif.

Rætt var um fráveitumál. Hreinsun frárennslis fer fram í sérstöku hreinsivirki og skal taka árlegt sýni og greina fyrir fitu, svifefnum og COD. Mælingar fyrir árið 2014 voru yfir losunarmörkum fyrir COD og svifefni. Engar mælingar fyrir árið 2015 hafa borist Umhverfisstofnun og samkvæmt fulltrúa rekstraraðila voru engar mælingar gerðar það ár. Þetta er frávík frá kröfum í starfsleyfi. Mælingar í frárennsli fyrir árið 2016 skulu berast stofnuninni fyrir 1. maí nk. Annað frárennsli s.s. frá gólfum og plönum og frá þrifum skal fara í fitugildru sem tæmd er eins oft og nauðsyn krefur. Geyma skal kvittanir fyrir hreinsun á filtskilju (úrgangur). Rætt var frárennsli utanhúss og afrennsli frá lekavarnaþró um lýsisgeyma félagsins. Fram kom að ekki er loki á lögn úr lekavarnaþró. Unnið er að breytingum á reglugerð nr. 35/1994 sem fjallar um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi og mun eftir breytingar líka taka til lýsisgeyma og

þræur um lýsisgeyma. Þá verður krafa um loka í frárennsli lekavarnarþróar á milli þróar og olíuskilju (fituskilju).

Í grein 5.2 í starfsleyfi er krafa um heildarúttekt á frárennsli. Þessu er ætlað að fá mat á álagi á viðtaka í sjó og eins að áætla magn hráefna sem tapast út með fráveituvatninu. Þar sem nýtt hreinsivirki (2016) bætir mjög hreinsum á efnun úr frárennslinu hefur rekstraraðili farið fram á heildarúttektin byggist einungis á vertíðum (loðna, kolmunni, makríll og síld) eftir að nýtt hreinsivirki var tekið í notkun. Niðurstöður ættu að liggja fyrir í desember 2017 og frestast því skil á heildarúttekt til 1. janúar 2018.

Nú var farið yfir aðrar kröfur í starfsleyfi og skiladaga. Grænt bókhald og útstreymisbókhald hafa skilað sér svo og hljóðmælingar og eru ekki gerðar athugasemdir við þetta. TVN skýrslur berast og skal skila þeim eftir hverja vertíð. Umhverfismarkmið hafa verið sett í fyrirtækinu en unnið er að innleiðingu þeirra í daglegan rekstur.

Skoðaðar voru áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar og viðbragðsáætlun. Fram kom að lekavarnarþró verksmiðjunnar væri svo stór að ekki þyrfti að nýta ákvæði í grein 2.21 um æfingar með flotgirðingu í höfninni.

Nú var farið í skoðun og voru byggingaframkvæmdir í gangi, bæði við byggingu hráefnisgeyma og mjölgeymslu og mun nýja mjölshúsið tengjast öðrum byggingum með tengingangi svo flutningur mjölsins frá þökkun í geymslu kemur til með að vera innandyra. Gengið var með lekavarnarþró og er hún nú alveg held eftir að steipt var í göt á þrónni sem voru meðfram lögnum sem stungust í gegnum þróarvegginn. Skoðaður var skorsteinn og búnaður við hann sem og hreinsivirki í frárennsli. Hreinsistöðin er frá 2016 og samanstendur af tvöföldum síubúnaði og fleytikörum (redox skiljum). Enn hefur virkni búnaðarins ekki staðfestur með mælingum, sjá grein 2.16 í starfsleyfi.

Snyrtilegt var um að lítast í verksmiðjunni.


Að lokum var litið á útfall frárennslis utan við Eiði.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi um að ryk í útblæstri skuli vera innan við 100 mg/Nm ³ .	Mælingar sem gerðar voru í strompi sýna að ryk var annars vegar 172 mg/Nm ³ og hins vegar 110 mg/Nm ³ .
ákvæði í grein 2.13 í starfsleyfi um að útblásturshraði í strompi skuli vera 20 m/s.	Mælingar sýna að útblásturshraði er annars vegar 13,3 m/s og hins vegar 6,9 m/s.
ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi um að árlega skuli mæla fitu, svifefni og COD í frárennsli frá hreinsivirki.	Engar mælingar fyrir árið 2015 hafa borist Umhverfisstofnun.

Athugasemd var gerð við að hreinsivirki í frárennsli löndunarbúnaðar, hráefnisgeymsla og vinnslu skuli ekki hafa verið prófað eftir uppsetningu. Mælingar á fitu, svifefnum og COD skyldi prófað til þess að staðfesta virknina.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.04.2017



Gottskálk Friðgeirsson